

## 12. Frumvarp

til laga um kynbætur hesta.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

### 1. gr.

Bannað er að láta graðhesta tvævetra og eldri ganga lausa í heima-  
högum eða á afrjettum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

### 2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum.  
Um kosningu í nefndina fer eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd.  
Í fyrsta sinn skal kosið í janúar 1927 og gildir sú kosning þar til næst fer  
fram kosning í hreppsnefnd.

### 3. gr.

Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eig-  
endur, velja hæfilega marga graðhesta til undaneldis innanhrepps næsta sum-  
ar og ákveða gjald fyrir notkun þeirra. Skal nefndin gera hreppsúum það  
kunnugt með auglýsingu fyrir lok marsmánaðar.

Hrossakynbótanefnd getur leyft að kynbótahestar gangi lausir í heima-  
högum.

### 4. gr.

Alla graðhesta, sem kynbótanefnd hefir valið til undaneldis eða verð-  
laun hafa hlotið á hjeradssýningum, er styrks hafa notið hjá Búnaðarfélagi  
Íslands, skal merkja með því að klippa Kh. hægra megin á lend þeirra. Eig-  
andi hestsins skal endurnýja merkið svo oft sem með þarf til þess að það sje  
jafnan glögt.

Nú sannast, að einhver hefir merkt graðhest þessu merki án leyfis  
kynbótanefndar, enda hafi hann ekki hlotið verðlaun eins og fyr segir, og  
varðar það sektum. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist utan grip-  
heldra girðinga, ráðstafa honum sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

### 5. gr.

Alla graðhesta, sem eru 1½ árs eða eldri og ekki eru ætlaðir til und-  
aneldis samkvæmt 3. og 4. gr., skal gelda fyrir 20. apríl ár hvert. Graðhesta  
á þeim aldri, sem eru ekki kynþroska þá, skal gelda svo fljótt sem verða má.

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af. Taka má slíkan hest hvar sem hann hittist, nema í öruggri vörslu sje, ráðstafa honum sem óskilagrip og selja hann án innlausnarfrests.

6. gr.

Nú hittist graðhestur, merktur Kh. hægra megin á lend, gæslulaus án heimildar, hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis, er hann var valinn fyrir sem undaneldishestur og má þá taka hann í örugga gæslu og, ef þörf gerist, á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er. Ef hestsins er ekki vitjað og greiddur áfallinn kostnaður áður liðnar eru 6 vikur frá því hann var tekinn, má ráðstafa honum sem óskilagrip og selja án innlausnarfrests.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð, þar sem brotið verður uppvíst og að hálfu í sveitarsjóð, þar sem hinn seki á heima.

8. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1927.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 74, 14. nóv. 1917 og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir lögum nr. 74, 14. nóv. 1917, er óheimilt að láta graðhesta eldri en 1½ árs ganga lausa innan um hross í afrjettum eða heimahögum, en heimilt er að gera undanþágu frá þessu um hesta, sem ætlaðir eru til undaneldis samkvæmt löggiltri samþykkt eftir lögum 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta.

Þessi lagaákvæði munu ekki hafa komið að fullum notum og liggja eflaust til þess þær tvær orsakir, að aldurstakmark hestanna er ekki heppilega valið og að hrossakynbótasamþykktir hafa ekki verið settar nærri alstaðar á landinu.

Um aldurstakmarkið, 1½ ár, má benda á það, að langflest folöld hjer á landi fæðast í apríl, maí eða júní. Þau verða þá 1½ árs í október, nóvember eða desember. Á þeim tíma ganga flest hross úti viðast á landinu og

bjarga sjer þannig sjálf, sumstaðar gæslulaust og víða gæslulítið. Það er því auðsætt að banni gegn því að láta ógelta fola ganga lausa í högum um þetta leyti árs muni tæplega verða framfylgt, enda mundi það í sömum hjeruðum landsins baka mikið tjón. Ef svo væri, að skaði þessi væri óhjákvæmilegur, ef halda á uppi kynbótum hesta, þyrfti að veða gagnað af kynbótunum á móti skaða hestaeigenda, en skaði þessi virðist einmitt ekki óhjákvæmilegur þótt haldið sje uppi kynbótastarfsemi, því að ógeltir folar, milli 1½ árs og 2 ára, munu yfir veturinn vera með öllu óhættulegir kynbótastarfseminni. Ef ákveðið er, að folar á 2. vetur megi ganga lausir, en jafnframt fyrirskipað, að allir folar, sem að vorinu eru 1½ árs eða eldri skuli geltir, nema kynbótahestar, virðist hvorutveggju náð, að hefta ekki útigang og halda þó kynbótastarfsemi uppi í fullum mæli.

Um gagusemi kynbótastarfsins er naumast þörf að ræða, því að það mun nú víðurkent af flestum eða öllum, að hún sje mikil, enda hafa komið fram á Alþingi greinilegar raddir í þá átt. Þannig var á síðasta þingi flutt frv. er fór í svipaða átt og þetta. Fluttu þeir það Jón Sigurðsson þm. Skagf. og P. Ottesen þm. Borgf. og mun Theódór Arnbjarnarson ráðunautur Búnaðar-fjelags Íslands hafa átt mikinn þátt í því. Þessu frumvarpi var vísað til landbúnaðarnefndar og breytti hún því töluvert og voru hennar tillögur samþykktar við 2. umr. í Nd., en lengra komst málið ekki.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, er sniðið eftir tillögum landbúnaðarnefndar að mestu, en með hliðsjón af öðrum breytingum, sem stungið var upp á á þinginu.

Að þannig vöxnu máli þykir ekki þurfa að ræða um hinar einstöku greinar frumvarpsins.